

12. gr.

Stjórninni skal falið að semja arðskrá í samráði við fiskræktarráðunaut Bún-
aðarfélags Íslands. Arðskrá er komin í gildi, ef lögmætur fundur samþykkir hana
og undirrituð er af $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í senn og er háð staðfest-
ingu ráðherra.

Kostnað, er leiðir af starfsemi félagsins, skulu félagsmenn greiða í sama hlut-
falli og þeir taka arð.

13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum til sýslusjóðs, allt að 1000 krónum,
og öðrum viðurlögum samkvæmt XIV. kafla laga nr. 61 23. júní 1932.

14. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi
samþykki breytinguna.

15. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til
þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut
eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Fiskræktarfélag Súgfirðinga.

78

23. maí

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktarfélag Súgfirðinga. Heimili þess og varnarþing er Suður-
eyri í Súgandafirði.

2. gr.

Markmið félagsins er að koma á laxveiði í Staðará og Botnsá í Suðureyrar-
hreppi, svo sem með klaki, friðun og eyðingu hvers konar veiðivargs, setja reglur
um veiðitæki og veiðiaðferðir, ef nauðsyn krefur, eftir því sem lög leyfa. Sömu-
leiðis getur félagið tekið upp félagsveiði, enda sé um það efni fullnægt ákvæðum 70.
gr. laga nr. 61 23. júní 1932.

3. gr.

Félagssvæðið eru allar þær jarðir, sem lönd eiga að Staðará og Botnsá.

4. gr.

Félagið kaupir laxaseiði til uppeldis í vötnum sínum eða starfrækir laxaklak,
eftir því sem við verður komið og um semst, í félagi við Fiskiræktarfélag Önfirð-
inga. Kostnaði við þessa starfsemi skal jafnað á félagsmenn samkvæmt gjaldskrá
félagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skal
jafnan einn af þeim eiga heima í Botni. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja

78 ára í senn og ganga úr stjórninni einn í senn, fyrstu árin eftir hlutkesti. Sömuleiðis 23. maí skulu kosnir tveir varamenn.

6. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli funda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar fundi og stýrir þeim. Verði félagsveiði, hefir stjórnin á hendi framkvæmd og umsjón hennar.

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn í marz eða aprilmánuði ár hvert. Skal formaður boða hann skriflega eða milliliðalaust með þriggja daga fyrirvara. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram endurskoðaða reikninga til úrskurðar fundarins. Þar skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á yfirstandandi ári. Skulu þar og kosnir tveir endurskoðendur reikninga. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum, nema um breytingar á samþykkt eða gjaldskrá eða félagsslit sé að ræða. Aðalfundur er lögmatúr ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna mætir. Enginn má fara með nema eitt atkvæði á fundum félagsins.

8. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess skriflega til félagsstjórnar og tilgreinir fundarefni.

9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

10. gr.

Semja skal gjaldskrá, sem sýni hundraðshluta þann af stofnkostnaði og árskostnaði, sem hver félagsmaður á að greiða samkv. lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61 frá 23. júní 1932. Gjaldskrá skal lögmatúr félagsfundur samþykkja. Má aðeins breyta henni samkvæmt þeim ákvæðum, sem gilda um breytingar á samþykktinni.

11. gr.

Gjalddagi tillaganna er 1. október.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að tvö hundruð krónum, sem renna í sýslusjóð. Enn fremur skal hinn brotlegi sóttur til skaðabóta, ef aðalfundur kveður svo á. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi, ef tveir þriðju fundarmanna samþykkja það og breytingartillögurnar hafa verið birtar í fundarboðinu.

14. gr.

Félaginu má slíta ef tveir þriðju félagsmanna samþykkja það. Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafnað niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskránni.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.